

AUGLÝSING

um varnir gegn illkynja lungnabólgu og smitandi fósturdauða í svínunum.

Til að stöðva útbreiðslu illkynja lungnabólgu og smitandi fósturdauða í svínunum er óheimilt að afhenda eða selja til lífs svín frá svínabúum, nema þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að sjúkdómar þessir séu ekki fyrir hendi.

Brot gegn auglýsingu þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 11/1928 um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1991.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum nr. 610/1989.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og taka þátt í því að treysta grundvöll íslenskrar tungu. Skal stefnt að því að hlutfall innlends efnis aukist á ári hverju frá því sem er við setningu þessarar reglugerðar uns a.m.k. helmingur alls efnis stöðvanna er íslenskt, sem útvarpsstöðvar framleiða sjálfar eða kaupa af innlendum framleiðendum.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð eftir því sem kostur er láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausni íslensku máli.

Handhafar útvarpsleyfa sem stunda sjónvarpsrekstur skulu við lok hvers árs gera útvarpsráttarnefnd og Íslenskri málnefnd grein fyrir þróun innlends dagskrárefnis á stöðvum sínum og þeirri stefnu sem þær hyggjast fylgja á komandi ári. Mun málnefndin þá gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir niðurstöðum sínum með skýrslu um íslenskt mál í fjölmiðlum þeim sem starfa eftir útvarpslögum. Skýrslan birtist einu sinni á ári í febrúarmán- uði.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. janúar 1991.

Svavar Gestsson.

Þórunn J. Hafstein.